

1862. embætti verða veitt, og þó einkum hið fyrnefnda, að verða þá
27. októberm. tekinn fram yfir eldri kennara við skólann, sem annaðhvort hafa
tekið embættispróf í guðfræði eður ekkert embættispróf leyst af
hendi.

Út af þessu biður stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður,
og yður, háæruverðugi herra, að kunngjöra Jóni Þorkelssyni, að
þó hann hefði þau forrættindi, sem tilskipun 2. febrúarm. 1849
veitir kandiðötum í málfræði, en þessi forrættindi hefir hann eigi,
er hann ekki hefir leyst af hendi það hið verklega próf, sem
fyrir er skipað í 13. grein tilskipunarinnar, smbr. 15. grein, þá
gæti hann eigi í því tilliti, sem hér er um spurt, stuðzt við
ákvarðanir hennar, með því þær ekki skilyrðislaust verða heim-
ferðar til Íslands.

27. októberm. **65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir-
valdanna á Íslandi, um kennslustörf við hinn lærða
skóla í Reykjavík.**

Í bréfi dagsettu 2. þ. m. hafid þér, herra stiptamtmaður,
og þér, háæruverðugi herra, stungið upp á, að kand. phil. Jón
Þorkelsson, sem þér hafid sett til að gegna hinu 4. kennara-
embætti við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem nú er laust, og
veitt honum þau laun, sem ákveðin eru fyrir embætti þetta, en
það eru 500 rd. á ári, fái meðan hann er skipaður í embætti
þetta launaviðbót eptir kornverði af embættislaunum þessum
eptir lögum 19. febrúarm. 1861; svo hafid þér og stungið upp
á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson, sem tekinn hefir verið
til að kenna í skólanum lærdómsgreinir þær, er snerta rúmmáls-
fræði, fyrir þá borgun, sem vant er að veita fyrir tímakennslu,
verði settur sem kennari í þessum lærdómsgreinum með sömu
kjörum og ofan nefndur Jón Þorkelsson hefir haft að undan-
förnu meðan hann hefir verið settur kennari við skólann, en það
er á þann hátt, að hann fái 400 ríkisdala þóknun á ári, er
greidd sé af því fé, sem í fjárhagslögunum er ætlað til tíma-
kennslu við skólann.

1862.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, fellst á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson sé fyrst um sinn settur sem kennari við skólann, með þeim kjörum sem þér hafið stungið upp á, og sé það talið frá 1. degi þessa mánaðar; en því skal við bætt, að farið er að skrifast á við fjárstjórnina um, hvort Jón Þor- kelsson, settur adjunkt, eigi að fá launaviðbót eptir kornverði þann tíma, sem hann er settur til að gegna 4. adjunktsembættinu við Reykjavíkurskóla.

27. októberm.

**66. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing
yfir nokkra kafa úr nýja-testamentinu.**

27. októberm.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 14. ágústm. þ. á., frá Pètri prófessor Péturs- syni og Sigurði prestaskólakennara Melsted í Reykjavík, um styrk til að gefa út 3. deild af riti, sem þeir hafa byrjað á, og heitir: „Þýðing yfir útvalda kafa úr nýja-testamentinu“, hefir stjórnar- ráðið veitt beiðendunum 100 ríkisdali, er það hefir gjört ráð fyrir, að þessi deild ritsins eigi verði stærri en fyrsta deild.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

**67. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um reglugjörð fyrir barnaskól-
ann í Reykjavík, og instrúx handa kennurunum
við skóla þenna.**

27. októberm.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. júlím. þ. á.